

STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

KJARNINN KÓPAVOGSSKÓLA 2025-2026



KJARNINN

Félagsmiðstöðin í Kópavogsskóla

Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08 2026

1. Hagnýtar upplýsingar

Starfsemi og aðstaða: Kjarninn er félagsmiðstöð barna og unglinga í 5. - 10. bekk (10 - 16 ára). Kjarninn er staðsettur í Kópavogsskóla (Digranesvegur 15, 200 Kópavogur). Aðstaðan aðallega í sal skólans og í rýminu í kringum hann (inngangur, andyri, gangur, salerni). Forstöðumaður í Kjarnanum er Halldór Hlökkversson og netfang hans er halldorh @ kopavogur.is Aðstoðarforstöðukona Kjarnans er Vigdís Birna Grétarsdóttir og netfang hennar er vigdis.birna.gretarsdottir @ kopavogur.is . Sími í Kjarnanum er 441-3430 og 696-1623.

Opnunartími: Hefðbundinn opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 (lokað er á milli kl. 18:30-19:30 vegna frágangs, ungdirbúnings og neysluhlés starfsmanna) og annan hvern föstudag frá kl. 19:30 - 22:45. Að auki eru sameiginlegar opnanir og tilfallandi opnanir, ferðir og ýmiskonar verkefni. Auk opnanna seinni partinn og á kvöldin er fjölbreytt dagstarf á skólatíma.

2. Dagatal félagsmiðstöðva í Kópavogi (unglingastig)

Félagsmiðstöðvadagatal 2025 - 2026												Félkó
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ		
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M		
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 Þ	2 L	2 Þ		
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M		
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F		
5 Þ	5 M	5 S	5 M	5 Þ	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M		
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L		
7 F	7 S	7 Þ	7 S	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S		
8 F	8 M	8 F	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M		
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 L	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ		
10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M		
11 M	11 Þ	11 L	11 F	11 M	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F		
12 Þ	12 M	12 F	12 M	12 Þ	12 L	12 M	12 M	12 S	12 Þ	12 F		
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L		
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S		
15 Þ	15 M	15 L	15 M	15 Þ	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M		
16 L	16 F	16 M	16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 L	16 Þ		
17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 M	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M		
18 M	18 L	18 M	18 F	18 M	18 Þ	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F		
19 Þ	19 M	19 F	19 M	19 L	19 M	19 F	19 F	19 M	19 S	19 M		
20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L		
21 F	21 S	21 Þ	21 M	21 L	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S		
22 F	22 M	22 L	22 M	22 Þ	22 L	22 M	22 M	22 S	22 F	22 M		
23 L	23 F	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F		
24 S	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 Þ	24 Þ	24 F	24 M	24 L		
25 M	25 L	25 M	25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 S	25 M		
26 Þ	26 M	26 F	26 M	26 L	26 M	26 L	26 L	26 M	26 M	26 F		
27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L		
28 F	28 S	28 Þ	28 M	28 L	28 S	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 S		
29 F	29 M	29 L	29 M	29 Þ	29 F	29 M	29 S	29 M	29 F	29 M		
30 L	30 Þ	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ		
31 S		31 F		31 M	31 L		31 Þ		31 S			

3. Starfið í félagsmiðstöðinni í vetur

Starfsskipulag félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans eftir vikudögum:

Á mánudögum er hádegisopnun og dagopnun í kjölfarið, strax á eftir. Á mánudögum er Velkomin valfag eftir hádegðið (annan hvern mánudag í 80 mín.). Um er að ræða valfag fyrir ÍSAT-/MOT-nemendur. Um valfagið sér einn starfsmaður félagsmiðstöðvar og einn frá skólanum.

Vikulega kl. 17:00-18:30 á mánudögum er miðstigstengt starf (6. & -7. bekkur fyrir áramót og 5. & 6. bekkur eftir áramót), starfsmannafræðsla og starfsmannafundir. Stundum er undirbúningur og eða stærri viðburðir á þessum tíma.

Vikulega kl. 19:30-22:00 eru opnanir fyrir unglingastigið. Dagskrárliðir skiptast í þrjá grunnmöguleika: 1) starfsemi miðuð að unglingunum á hverfavísu, 2) starfsemi á Kópavogsvísu (Félkó – sameiginlegt


starf allra 9 félagsmiðstöðvanna í Kópavogi) og 3) starfsemi á landsvísu (í gegnum landssamtökin Samfés). Allskyns dagskrármöguleikar eru í boði (sjá dæmi um dagskrárliði á bls. 7).

Á þriðjudögum er hádegisopnun og dagopnun strax eftir hana. Eftir hádegi er einnig vikulegur fundur nemendaráðsins og aukafundir því tengdu þegar það á við (formannafundur, árgangafundur, undirráðafundur eða verkefnatengdir fundir). Á þriðjudögum er einnar klukkustundar vikuleg miðstöðvaropnun fyrir 4. og 5. bekk (samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans og frístundarinnar Stjörnunnar). Að morgni er nemendaverndarfundur, forstöðumanna eða forstöðu- og aðstoðarforstöðumannafundur. Og samstarfsfundir vegna viðburða og verkefna Félkó (félagsmiðstöðva í Kópavogi).

Á miðvikudögum er hádegis- og dagopnun. Eftir hádegi á miðvikudögum eru umsjónartímar unglingastigs og fara starfsmenn (og stundum fulltrúar nemendaráðs) þangað með upplýsingar og fræðslu. Á miðvikudögum er samstarf við smíði og hönnun (þjónustunám, sem tvinnuð inn í starf félagsmiðstöðvarinnar). Eftir smíði og hönnun er vikulegt Klúbbaval / klúbbastarf á skólatíma, sem er tilvalið fyrir ýmskonar smíðu- og klúbbastarf (sem hægt er síðan að halda áfram með á opnun unglingastigs kl. 17 sama dag).

Vikulega, kl. 17:00 á miðvikudögum, er opið fyrir unglinga og gefst þá færi á að skreyta fyrir ýmsa viðburði (hrekjavöku, jólin, páskana, árshátíð o.fl.), þá er t.d. hægt að fara í tónmenntastofuna (ýmis tónlistarverkefni), í heimilisfræðistofuna (elda og baka) og vinna í stærri verkefnum, klúbbum og smíðjum. Einnig fer tíminn stundum í undirbúning verkefna og viðburða samhliða opnun.

Vikulega kl. 19:30-22:00 eru opnanir fyrir unglingastigið. Það eru þrír grunnmöguleikar dagskrárliða (þrískiptingin): 1) starfsemi miðuð að unglingunum á hverfavisu, 2) starfsemi á Kópavogsvísu (Félkó – félagsmiðstöðvar í Kópavogi) eða 3) starfsemi á landsvísu (í gegnum Samfés). Í sumum tilfellum getur þrískiptingin tengst, t.d. þegar unglingur vinnur í söngkeppni sinnar félagsmiðstöðvar (1) viðkomandi fær þannig þáttökurétt í Söngkeppni Félkó (2) í Salnum (þar sem öll 9 sigurlögin keppa sína á milli). Þau þrjú lög sem vinna af níu keppa síðan á söngkeppni Samfés, á landsvísu (3), fyrir hönd Kópavogs. Myndin skýrir betur hvernig starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er í raun þrískipt:



Á fimmtudögum er hádegisopnun og dagopnun eftir hana. Á fimmtudögum er löng dagopnun sem metin er til Samféspunkta, þar sem hægt er að hanga, spila, spjalla o.fl. í þeim dúr. Þar er einnig kjörið að vinna undirbúningsvinnu tengdri stærri verkefnum eins og t.d. Stíl. Á fimmtudagsmorgnum er samstarf við smíði og hönnun (þjónustunám sem tvinnuð inn í starf félagsmiðstöðvarinnar). Á fimmtudögum funda forstöðu- og aðstoðarforstöðufólk með skólanum á vikulegum fundi. Einnig eru aðrir fundir, eins og t.d. samstarfsfundir og verkefnavinna Félkó. Þá er áætlað að vera með tíma námsversins í Kjarnanum og 7. bekkjaaðlögun á fimmtudögum.

Annan hvern föstudag er hádegisopnun og dagopnun eftir hana. Þegar það er opnunardagur mætir hluti starfsfólks fyrr í undirbúning. Hinn hvern föstudaginn (þegar ekki er opið í félagsmiðstöðinni) er enginn starfsmaður á dagopnunum né á kvöldin.

Aðra hverja viku kl. 19:30-22:45 eru opnanir fyrir unglingastigið. Það eru þrír grunnmöguleikar dagskrárliða: 1) starfsemi á hverfavísu, 2) starfsemi á Kópavogsvísu og eða 3) starfsemi á landsvísu. Um er að ræða lengstu opnun félagsmiðstöðvarinnar í hefðbundinni dagskrá. Það gerir það að verkum að á þessar opnanir getur verið gott að velja viðburði sem krefjast lengri tíma, eins og t.d. hópferð í bíó (sem er þá auglýs á sérstökum tilboðskjörum). Allskyns dagskrármöguleikar í boði (sjá dæmi um dagskrárliði á bls. 7).

Á virkum dögum eiga sér stað ýmskonar dagsverkefni, eins og t.d. samskipti við samstarfsaðila, börn, unglinga og foreldra (skýrsluvinna, skilavinna, auglýsingagerð, fara í bekki, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, Mentor eða að upplýsa í persónu). Ýmskonar funda-, viðburða- og verkefnaundirbúningur. Þá er umsjón með aðstöðunni, leiktækjum og öðrum aðbúnaði. Allskyns undirbúningur og framkvæmd verkefna og viðburða sem og frágangur. Hér má líta á dæmi um mánaðarplan Kjarnans:


Nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans hefur mikið með dagskrá félagsmiðstöðvarinnar að gera (hvað er á dagskrá) enda er hlutdeildin mikilvæg og lykilþáttur að í unglingalýðræðinu. Þessi aðkoma að ákvarðanatöku er stór þáttur í því að unglingarnir valdeflist og vaxi í borgaravitundinni. Taki þannig út menntun í gegnum reynslunámið (menntunargildi). Menntunargildi er n.b. eitt af þremur megingildum frístundastarfsins, þ.e. ásamt afþreyingar- og forvarnargildum.

Mánaðardagskráin tekur ekki gildi fyrr en nemendaráðið hefur komið að henni og lagt blessun sína yfir hana, í samstarfi við starfsfólk. Hér er verið að vinna í efsta og áttunda „þátttökuþrepi“ Roger Hartz, sem fjallar um gæði lýðræðis. Á efri myndinn, hér að neðan, er mánaðardagskrá sem send er foreldrum í gegnum Mentor og á neðri myndinni eins og hún birtist unglingum á netmiðlum:

DAGSKRÁ KJARNANS – OKTÓBER 2025

Samfés-viðburður: fjólablár // Sameiginlegt í Kópavogi: grænn // Kjarninn: Svartur:opið hús + Blár:ST.ÉRRÁ + Gulur:keppni + Ljósblár:námskeið klúbbar/umræður + Rauður: Ýmskonar

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FOSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR
29.	30.	1. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Galoppinn kofinn KL 19:30–22:00: PYLSUR & IMPOSTER	2. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	3.	4.	5.
6. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Starfsmannafreðsla KL 19:30–22:00: BLIND TASTETEST	7. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	8. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Galoppinn kofinn KL 19:30–22:00: PÍLUMÓT	9. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	10. Hádegis-&dagopnun KL 19:30-22:45: SKOTBOLTI & ÍÞRÓTTAHÚS	11.	12.
13. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Undirbúningur KL 19:30–22:00: STAFFA AFMÆLI	14. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	15. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Galoppinn kofinn KL 19:30–22:00: FÉLAGSM.VIKA	16. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	17.	18.	19.
20. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Hrekkjavaka 6.&7.b. KL 19:30–22:00: TRÚNÓ	21. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	22. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Galoppinn kofinn KL 19:30-22:00: MEISTARAEILDIN	23. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	24.	25.	26.
27. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–22:00: FÍFAMÓT & grikks	28. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	29. Hádegis-&dagopnun KL 17:00–18:30: Galoppinn kofinn KL 19:30-22:Föndur v. HREKKJAVÖKU	30. Hádegis-&dagopnun FÉLKÓ	31. Hádegis-&dagopnun KL 19:30-22:45: DRAUGAHÚS OG BÚNINGAKEPPNI	1.	2.



Valáfangar og samstarf við skólann: Þennan veturinn hafa forstöðuaðilar Kjarnans umsjón með þremur valáföngum Kópavogsskóla, þ.e. 1) „nemendaráðsvali“ (60 mín.), 2) „klúbbavali“ (40 mín.) og 3) „Velkomin-vari“ (80 mín. á tveggja vikna fresti). Velkomin er áfangi sem hugsaður fyrir ÍSAT nemendur til að virkja þau og valdefla. Valáfanginn er í anda sumarnámskeiðsins Velkomin og er einnig nokkurs konar „mentorakerfi“ sem býður nýja nemendur velkomna í skóla og félagsmiðstöð. Þá er félagsmiðstöðin í samstarfi við Smíði og hönnun (þjónustunám), m.a. gagnvart viðburðum eins og árshátíð, aðstöðu uppbyggingu í félagsmiðstöðinni og árshátíðarundirbúning (2 x 80 mín. á viku).

Almennt samstarf við skólann: Á undanförnum áratug a.m.k. hefur verið byggt upp öflugt og skilvirkt samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Samstarfið er að hluta tengt ákveðnum verkefnum og ákveðnum viðburðum eins og t.d. 10. bekkjabingó (ásamt foreldrum), Hrekkjavaka, jólaskemmtun og árshátíð. Einnig ákveðnum ferðum sem er misjafnt milli ára (skíðaferð unglingastigs, útskriftarferð 10. bekkja og skólaferð 9. bekkja), fræðslum fyrir unglinga og foreldra, valáföngum sem starfsmenn Kjarnans hafa séð um á unglingastigi, ráða- og nefndastarfi barna og unglinga, sérverkefna í anda „þjónustunáms“ / „service learning“, vinnu með MOT-/ÍSAT nemendum sem og tilfallandi verkefni.

Unnið er með umsjónakennurum á miðstigi og unglingastigi sem og kennurum sérdeildar. Samstarfið hefur byggst upp jafnt og þétt og er samofið samstarfi við foreldrafélagið og foreldra nemenda. Á reglulegum samstarfsfundum stofnanna er samstarfið í stöðugri þróun og umræðu. Verkefna- og viðburðapróun / „samstarfsþróun“ er stór í öllu samstarfi stofnananna. Í samstarfi við foreldrafélagið hefur verið unnið í anda „Markvissra forvarna“ að sameiginlegri „forvarnar-áætlun“ fyrir veturinn, en skóli og félagsmiðstöð ákveða fræðslur eftir hvaða áherslum staðan kallar á.

Hópastarf:

Sértækt hópastarf er t.a.m. unnið með unglingum sem tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál. Það er gert í gegnum almenna starfsemi, „Velkomin-verkefnið“ (sumarnámskeið, Velkomin-Flakkandi, Velkomin-Félkó og valfag á veturna) og skörun inn í annað starf eins og klúbbavalið. Í Kópavogsskóla er sérdeild og kemur hún reglulega yfir í Kjarnann á skólatíma. Í vetur verður unnið að því að virkja og valdefla unglinga í sérdeildinni sem og ÍSAT nemendur inn í starf Kjarnans. Þá er skimað eftir nemendum sem eru ekki félagslega sterkir til að mæta þeim. Sérstök tónlistarnálgun hefur reynst vel undanfarið gagnvart því að virkja félagslega einangraða nemendur.

Almennt hópastarf er t.d. unnið í gegnum Klúbbaval, sem er valáfangi Kópavogsskóla sem er vikulega á miðvikudögum kl. 14:55 (hefur verið kl. 17:00 undanfarin ár, en vegna styttingu tímans úr 60 mín. í 40 mín. hefur hann verið færður yfir á dagopnunartíma). Það hefur reynst góð leið til að virkja unglinga inn í starf félagsmiðstöðvarinnar með því að þau taki þátt í hópastarfi klúbbavalsins. Góð leið til að virkja og valdefla einstaklinga og hópa í gegnum klúbbastarf. Hluti hópsins skilar sér svo áfram inn á annað starf (seinniparts- og kvöldopnanirnar). Klúbbavalið virkar því oft eins og brú, þegar t.d. byrjað er á verkefni og eða undirbúningi fyrir viðburð og endar síðan með almennri þátttöku í félagsmiðstöðinni. Það má taka með sér vin í Klúbbaval. Unnið er markvisst að 5., 7. og 10. bekkja aðlögun/brúun sérstaklega, þ.e. með elstu árgöngum hvers skólastigs.

Forvarnaráætlun: Líkt og síðustu vetur þá fjármagnar skólinn, félagsmiðstöðin og foreldrafélagið fræðslur fyrir unglingastigið. Oftar eru fræðslurnar á skólatíma til að ná til sem flestra. Þegar vetrarstarfið er hafið hefur þörfin verið metin hvað sé í boði af fræðslum og þeim stýrt inn í árganga (hvað hentar hvaða aldri og eftir hvernig staðan er í árgöngunum hverju sinni). Þessi ráðhögun er afsprengi af styrktarverkefni úr Forvarnarsjóði Kópavogsbæjar, „Markvissar forvarnir“. Í vetur verður áhersla lögð á fjölmenningu, hinseginleikann, samveru, líðan, orðræðu og mörk. Formlegar og óformlegar fræðslur fara fram í félagsmiðstöðinni eða í skólanum – árlegar fræðslur félagsmiðstöðvarinnar undanfarin ár hafa verið: Vika 6, Sjúk ást og forvarnavika sem og samræmdu forvarnarátak á Kópavogsvísu. Ásamt óbeinni fræðslu í samtalinu og í gegnum starfsemina.

Hvaða starfsmenn koma að starfinu: Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og 80% aðstoðarforstöðukona leiða það starf sem á sér stað á skólatíma (m.a. hádegis- og dagopnanir) og bera því hitann og þungann að öllum undirbúningi og framkvæmd starfsins sem fer fram utan skólatíma. Að auki er heilmikið samstarf við skólann. Þá er farið í bekk þar sem kynnt er hvað er efst á baugi hverju sinni. Frístundaleiðbeinandi í 39,5% starfshlutfalli og tveir frístundaleiðbeinendur í skiptu 39,45% starfshlutfalli vinna síðan á opnunartímum félagsmiðstöðvarinnar utan skólatíma (auk tímavinnustarfsmanna af og til). Með nýlegri tilhögun, útivöktum og Félkó-starfi (hinsegin og velkomin) í miðlægre miðstöð verður væntanlega áfram meira um vinnu utan fasta vinnutímans undanfarin ár.

Verkefni/viðburðir sem snúa að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum:

Hvern og einn viðburð og hvert og eitt verkefni má tengja að einhverju leyti, með beinum og/eða óbeinum hætti við Heimsmarkmiðin. Í kortlagningu heimsmarkmiðanna gagnvart Kjarnastarfinu (og tengingu við yfirmarkmið Kópavogsbæjar) kom það einmitt fram hvað starfsemin er að tengjast markmiðunum sterkt. Nemendaráðið mun fjalla um Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin. Enda mikilvægt að þau tengist þeim vel og læri að tileinka sér hugmyndafræðina. Í vinnu nemendaráðs Kópavogsskóla og Kjarnans eru 12. og 13. grein barnasáttmálans í hávegum höfð og er kosning í ráðið orðið vel þróað og lýðsræðislegt ferli þar sem gætt er vel að jafnrétti og áhersla á að allir eigi heima í ráðinu (2. og 3. gr.) sem áhuga hafa á að starfa í fulltrúarlýðræði fyrir samnemendur sína.

Áherslur í starfinu og tengsl við 5 yfirflokka:

- **Viðburðir í vetur:** 1) lágmarka kostnað, 3) huga að heilbrigði.

- **Þjónusta og lýðræði:** 1) lágmarka kostnað, 10) tryggja þátttöku-möguleika og aukið lýðræði.
- **Málefni barna og fjölskyldna:** 16) Velkomin (móttöku- og aðlögunar prógram – virkni & valdefling).
- **Loflagsmál:** 12) flokkun sorps, lágmarka úrgang, endurnýta, vera fyrirmyndir.
- **Lýðheilsa:** 3) útivera, hreyfing, afþreying, jákvæður félagsskapur, öryggi, vellíðan.

Viðburðir á vegum Kjarnans í vetur: Fastir liðir unglingastarfsins eru m.a.: Náttfatanótt, bíóferðir, íþróttahússopnanir, kökukeppni, hrekkjavaka, bingó, LAN með PC tölvum, PS og VR (í fleirtölu), hjartsláttur, felueltingaleikur, skíðaferð, árshátíð og jólaball, leiktækjamót. Einnig margt fleira, sem unglingaráðið ákveður hverju sinni í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar. Á miðstiginu eru þemadansleikir, hópleikir, leiktæki o.fl.

Sameiginlegir viðburðir og starf félagsmiðstöðva (Félkó): Íþróttadagar og ball, LAN mót, sköpun/smiðjur, söngkeppni, spurningakeppni, Nýársball, íþróttakeppni, skíðaferð, Getkó, nýársball, Félkóhátíð, Félkó-opnanir (í miðlægri miðstöð), viðburðir og böll á vegum Félkó.

Viðburðir í samvinnu við skólann og eða foreldrafélag: Haustiátíð, Hrekkjavaka, Öskudagur, 10. bekkja jóla- og páskabingó, jólaball og árshátíð og fleira.

Sumarstarf: Viðburðir tengdir Velkomin sumarnámskeiði og sumaropnunum 7. – 10. bekkja (og Flakkandi félagsmiðstöð í framhaldi), eins og t.d. sumar-útilega og sameiginlegir viðburðir. Þátttökufjöldi á Velkomin námskeiðinu er stöðugt yfir hundrað börn, unglingar og ungmenni. Það er ráð að halda áfram á sömu vegferð og áður (með hjarta fjölmenningsstarfsins, sem er sumarnámskeið Velkomin). Það væri ráð að virkja aðstoðarforstöðufólk inn á sumarnámskeiðið að hluta (ca 20% starfshlutfall á hvern og einn – til að kynnast og efla kynni við miðstigsbörn og unglinga námskeiðsins). Kynnast s.s. sínum MOT-/ÍSAT-nemendum í skemmtilegu og uppbyggilegu umhverfi með það fyrir augum að virkja hópinn síðan áfram heildrænt inn í vetrarstarf sinnar félagsmiðstöðvar.

4. Sérverkefni

Lýsing á verkefnum sem móta jákvæð samskipti:

Velkomin verkefnið snýr í grunninn að móttækileika og jákvæðum samskiptum í aðstæðum þar sem þau eru mjög mikilvæg, fjölmenningsarsamfélaginu. Mikilvægt er að samfélagið okkar mótist á jákvæðum nótum í átt til fjölmenningsar. Að við blómstrum í fjölbreytileikanum, sem fjölmenningsarsamfélag. Að samfélagið verði enn meira „Welcoming“ fyrir börn, unglinga og ungmenni bæti það inn á við og út á við. Byggir jákvætt og öruggt samfélag til framtíðar. Nýjasta nýjungin er þróun á Velkomin valáfanga í Kópavogsskóla sem kallast Velkomin og snýr í grunninn að því að virkja og valdefla ÍSAT nemendur með að kynna þeim fjölbreytta afþreyinga- og frístundamöguleika. Nú er ÍSAT-kennari á unglingastigi og félagsmiðstöðvarstjórnandi að sjá saman um áfangann. Sem styrkir tengingar í allar áttir og byggir sterkari og auðveldari brýr á milli skóla- og frístundastarfs. Hluti af tilgangi valfagsins er m.a. að vera einhverskonar mentorakerfi fyrir þau börn og þá unglinga sem eru ný- eða nýlega fluttir í hverfið.

Sérdeildar samstarf við skólann skilar sér í jákvæðari samskiptum dags daglega milli starfsmanna og unglinga sérdeildarinnar. Sem og annarra unglinga. Mjög mikilvægt í víðum skilningi. Á ákveðnum tímum vetrar er farið í skilvirka vinnu við að virkja og valdefla unglinga sérdeildar inn í starf félagsmiðstöðvarinnar. Nú er stefnan að það verði einnig á reglulegra formi.

Brú milli skólastíganna er mikilvægt verkefni. 4., 7. og 10. bekkir eru árgangar ákveðinnar stöðu, þ.e. tómarúm það sem myndast þegar árgangar kveðja sitt skólastig og undirbúningur að aðlögun fyrir nýtt skólastig hafið. Í þessu tilliti er stefnan að vinna sérstaklega að 4. og 5. bekk í samstarfi við Stjórnuna, frístund í Kópavogsskóla. Þá verður sérstaklega hugað að 7. bekknum (mest á vormánuðum) vegna þeirra miklu breytinga sem eiga sér stað á haustin, þegar þau byrja í 8. bekk. Mikil umpólun á sér stað

þar sem að félagslegt framboð þá margfaldast (tímalega) og magnast mikið (að auki við hverfastarfið er þá hluti af starfseminni á Kópavogs- og landsvísu). Þá þarf að huga að 10. bekknum, þar sem að stökkið úr grunnskóla yfir framhaldsskóla er eitthvað sem þarf að undirbúa vel. Helst þyrfti að byrja aðlögun 10. bekkja í 9. bekk, þar sem að ekki er nóg að ætla einum vetri í þá aðlögun sem ungmenhúsið kallar á. Ungmenhúsið, sem tekur við af félagsmiðstöðvarstarfinu, er í raun annað „consept“ og því þarfnast það lengri aðlögunar. Ekki bara þegar þau eru komin vel á veg í „kveðjufasanum“ gagnvart grunnskólanum.

Týndi hópurninn er hópur sem stefnt er að vinna með í vetur. Hópurinn er skipaður þeim sem finna sig síður í hinu hefðbundna starfi félagsmiðstöðvanna, þurfa meira næði, ró og tíma.

Gildandi félagsmiðstöð er verkefni sem snýr að því að félagsmiðstöðin gefi af sér inn í skólasamfélagið og geri sig þar með gildandi í góðu samstarfi og jákvæðri, heildrænni vinnustaðarmenningu. Það er t.a.m. gert með að hafa frumkvæði af leikjum/dagskrá fyrir alla starfsmenn í skólahúsnæðinu, bjóða upp á aðgengi að spilum félagsmiðstöðvarinnar (sem skólinn getur nýtt fyrir nemendur sína hvenær sem er á skólatíma). Um er að ræða fræðandi spil, spil sem efla málþroska og þjálf fleiri þætti eins og rökhugsun, hugmyndauðgi og sköpun. Í nokkur ár hefur félagsmiðstöðin unnið í góðu samstarfi við kennara í ýmsu tilliti, sem styrkt hefur bæði félagsmiðstöðina og skólann. Meðal annars hefur verið stuðlað að ákveðnu þjónustunámi og kynnt áherslu félagsmiðstöðvarinnar á góðmenningu. Þá látum við okkur velferð skjólstæðinga okkar varða, hvort sem er á skóla- eða félagsmiðstöðvartíma. Við látum í ljósi áhyggjur okkar ef okkur þykir að þróun sé á verri veg, sem og að hrósa, efla og bæta það sem vel er gert. Sú vegferð heldur áfram þennan veturinn.

Lýsing á verkefnum sem vinna gegn félagslegri einangrun:

Velkomin verkefnið (aðlögun þeirra sem eru ný- eða nýlega fluttir til landsins og tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál) er í grunninn menningarlegt. Það aðlagar bæði okkur sem samfélag og aðflutta. Ekki aðeins snýr þetta verkefni að brúa tungumála- og menningarmun heldur einnig að því samfélagið í heild sinni sé meira „welcoming“ og meðvitað um að vera á þeim nótum. Sumarnámskeiðin skila sér sterkt inn í veturinn með aukinni virkni ÍSAT-nemenda skólans og enn eru töluverð sóknarfæri í því viðmiði, bæði á hverfisvísu sem og á Kópavogsvísu. Það sem verður öðruvísi í vetur er að Velkomin starfið verður meira í gegnum miðlæga miðstöð, Félkó miðstöðina. Þá er verið að taka góð skref í átt að betri Velkomin menningu með valáfanga í Kópavogsskóla.

Unglingar í Námsverinu/Sérdeild hefur orðið mun virkari í starfi félagsmiðstöðvarinnar undanfarin ár, eftir að farið var að vinna sérstaklega með þeim á skólatíma og þarna verður bætt um betur í vetur. Þá byggir þetta starf að hluta á „Félagsmiðstöð án aðgreiningar“ – lokaverkefni Brynhildar B. Kjartansdóttur í Tómtunda- og félagsmálafræði, sem unnið var í samstarfi við félagsmiðstöðina Kjarnann, sem og á að síðasta vetur var haldið áfram með sérstakt samstarf við sérdeildina/námsverið í Kópavogsskóla, þannig að unglingahópurinn á sinn eigin tíma í félagsmiðstöðinni og er þannig verið að virkja inn í starfið sem og að vinna í aðstöðuvaldeflingunni.

Samfés-punkta-kerfið hvetur til þátttöku og virkni og virkar vel sem slíkt. Hvatinn er að komast á Samfés-viðburð þar sem að takmarkað miðamagn er á Samfesting Samfés (ball/tónleikar og söngkeppni). Fjöldatölur eru hvatning til að virkja starfsfólk, nemendaráð, umhverfið til að virkja og valdefla unglingana. Kerfið hvetur til þátttöku og virkni.

Að taka þátt í verkefnum (stórum sem smáum) – fá hlutverk Það er gömul og ný saga að virkjun í gegnum hlutverk og þátttöku í verkefnum og viðburðastjórnun (eins og t.d. Stíl, Getkó, að DJ-a o.fl.) eignast þátttakendur ákveðna hlutdeild, þannig að félagsmiðstöðin verður þeirra. Þannig erum við allan daginn alla daga í fyrsta stigs forvörnum – sem miðar fyrst og fremst að því að virkja og valdefla.

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs og tengist ákveðinni aðstöðu, spilaopnunum (D&D), hinsegin Félkó og Velkomin Félkó. Félkó miðstöðin hefur boðið upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin var til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig var gott samstarf við Hinsegin

félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Óljóst er hvenær reglulegar Félkó-opnanir hefjast þar sem að húsnæðisleit stendur nú yfir. Velkomin opnanir verða því ekki strax. Tekið er sérstaklega á mót nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í Velkomin fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknunum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi.

Í Félkó miðstöðinni mátti áður m.a. finna ýmiskonar leiktæki (Kjarninn hefur haft veg og vanda með leiktækjavæðingu/aðbúnaðaruppbyggingu Félkó miðstöðvarinnar og var sú vinna kláruð síðasta vetur), rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými var einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundaeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá því þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framár, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna, Vonandi finnst sem fyrst lausn á húsnæðisvanda Félkó-miðstöðvarinnar (Hinsegin Félkó og Velkomin Félkó).


5. UNGLINGARÁÐ KJARNANS OG KÓPAVOGSSKÓLA:

Nemkó er nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans (unglingar): Fulltrúar úr öllum árgöngum sitja í ráðinu og eru lýðræðislega kjörnir. Gætt er að kynjahlutfalli. Fulltrúar í nemendaráðinu fá setu sína metna sem val. Hluti ráðsins fer á Landsmót Samfés árlega, þar sem unnið er mikið með hópefli og liðsheildarvinnu. Hópurinn kemur með ýmsar hugmyndir inn í félagsmiðstöðvarstarfið í heild.

Formannahlutverkin og formannafundir: Tveir formenn eru í nemendaráðinu, einn drengur og ein stúlka. Formennirnir tveir halda fundi með stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar. Þar eru Nemkó-fundirnir undirbúnir (dagskrá og upplýsing). Tveir formenn Nemkó skipta með sér ráð- og nefndasetu (í Skólaráði, Félkóráði, Ungmennaráði Kópavogsbæjar og framboð í Ungmennaráð Samfés). Með þessu móti er nemendaráðið mitt í miðju upplýsingaflæðis sem gerir ákvarðanatöku upplýstari. Nemkó vinnur með unglingafulltrúum í Réttindaráði Unicef. Þannig eykst upplýsingaflæði, samtal og samstarf. Þannig eru ákvarðanir teknar á upplýstari vettvangi og þátttakendur allir fá meiri þjálfun og reynslu.

NEMKÓ – NEMENDARÁÐ

KÓPAVOGSSKÓLA & KJARNANS



Félkóraráð, ráð félagsmiðstöðva í Kópavogi. Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

6. Foreldrasamstarf

Upplýsingagjöf: Í gegnum Mentor, Instagram Kjarnans, á heimasíðu Kópavogsskóla og í gegnum samtöl, símtöl og tölvupóstsamskipti.

Foreldrafélag Kópavogsskóla: Í gegnum árin hefur samstarfið við foreldrafélagið vaxið og dafnað. Nú eru ákveðnir árlegir viðburðir sem félagsmiðstöðin og foreldrafélagið sinna saman. Dæmi um samvinnuverkefni eru Vorhátíðin/Hausthátíðin/Fjölskylduhátíðin, Hrekkjavöku-vikan, 2. stigs forvarnarstarf / fræðslur (einnig í samstarfi við skólann) og aðstöðu uppbygging. Samstarfið mun verða áfram á sömu nótum og eflt ef eitthvað er.

Foreldrasamstarf: Lögð er áhersla á gott samstarf milli félagsmiðstöðvarinnar og foreldranna beint. Þannig nær starfsfólkið að kynnast foreldrum og foreldrarnir starfsfólkinu og aðstöðunni. Á Náttfatanótt eru foreldravaktir, sem opna einmitt á að unglingarnir upplifa foreldrana og starfsfólkið saman, í gegnum starfið. Þá hefur Kjarninn lagt sig fram um að hafa Félagsmiðstöðvadayinn spennandi og skemmtilegan, þ.e. þegar gestum og gangandi er boðið að heimsækja félagsmiðstöðina. Þá kemur félagsmiðstöðin að fjáröflunarbingói 10. Bekkja (jóla- og páskabingó), en þá fyllist iðulega salur skólans af foreldrum, ættingjum og vinum nemenda skólans, sem eiga góða stund saman. Um er að ræða viðburð sem er einn af fáum viðburðum yfir veturtímann sem allir árgangar geta komið með fjölskyldum sínum og vinum og átt saman gæðastund í skóla- og félagsmiðstöðvarstarfi. Viðburðurinn er einmitt haldin í samstarfi við foreldra.

7. Verkferlar

- **Neyðaráætlun:**
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- **Móttaka nýrra starfsmanna:**
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- **Öryggisgátlisti:**
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- **Handbók um starfið:**
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfs.
- **Rýmingaráætlun (samstarf við skóla):**
Forstöðumaður óskar eftir að taka þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla.
- **Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku.**
- **Gátlisti vegna eineltis.**

Leyfisbréf:

Þegar starfsemin nær út fyrir útivistartíma, yfir lengri tíma og tengt sérstöku starfi er óskað eftir leyfisbréfum þátttakenda. Þar gefa foreldrar leyfi fyrir þátttöku síns unglings og unglingurinn kvittar undir að ætla að hegða sér vel og vera til fyrirmyndar.

Á ferð með börn og unglinga:

Þegar farið er í ferðir og á viðburði úr húsi er tekin með aðstandendalisti. Leyfisbréf þurfa að liggja fyrir svo þátttakandi fari með. Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í öllu starfi félagsmiðstöðvarinnar sem ekki er á skólatíma.

Að ferðast í strætó og rútu:

Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í starfi.

8. Innra og ytra mat

Ytra mat: Niðurstöður R&G og Þjónustukönnunar Frístundadeildar gefur ákveðna mynd af stöðunni, hvernig gengur heilt yfir í Kópavogi sem og á hverfavisu. Það gefur okkur hugmynd um hvernig haga á starfi og fræðslu. Þá hefur verið hlustað eftir útkomu í Skólapúlsinum.

Innra mat: Innra mat byggist á fundum, samtali milli starfsfólks og samstarfsaðila. Einnig formlegu og óformlegu spjalli með unglingum og miðstigsbörnum. Horft er til fjöldatalna og þannig lagt mat á hvernig gengur að vekja áhuga barna- og unglinga á starfseminni. Ákveðinn samanburður á sér stað gagnvart mætingu annarra á sameignlega viðburði. Síðast, en ekki síst, er hlustað á raddir barna- og unglinga. Það er m.a. gert í gegnum Réttindaráð og Nemkó (ráð nemenda Kópavogsskóla og Kjarnans) og hvað haft er eftir börnum og unglingum í skóla- og félagsmiðstöðvastarfinu.

9. Fjöldatölur

Starfsmenn eru meðvitaðir um fjöldatölurnar og er það hvatning til að virkja sem flesta inn í starfið. Þó svo að í gæðastarfi í félagsmiðstöðvum sé ekki einungis hægt að horfa til fjölda (til dæmis þegar litið er til vinnu með sérdeild, með MOT-/ÍSAT-nemendum og fleirum í sértæku hópastarfi).

10. Umbótaáætlun

Sérdeildin / Námsver Kópavogsskóla: Hingað til hefur starfsemin verið á „lotukerfis-formi“, þ.e. í nokkrum tímabilum yfir veturinn. Sú nálgun að hópastarfið sé yfir styttri tíma í senn, í afmarkaðan tíma, hefur hentað hluta nemendahópsins vel. Þó umrædd nálgun haldi áfram er stefnan nú að prófa okkur áfram með að virkja hópinn (a.m.k. hluta hans) einnig inn í reglulegt hópastarfi yfir lengri tíma. Það getur t.a.m. verið í formi dagopnanna á fimmtudögum eða sértæku hópastarfi á dagtíma (a.m.k. til að byrja með) og mögulega í Klúbbavali í framhaldi ef vel gengur. Jafnframt er stefnan að halda áfram með þá nálgun að hópurnir kynnist félagsmiðstöðinni sinni og starfsfólki hennar á skólatíma og samhliða sé í gangi undirbúningur gagnvart því að fara saman í styttri dagsferðir til að kynnast hópnum í gegnum uppbyggjandi hópastarf. Það hefur reynst vel. Gengið hefur verið út frá því að a.m.k. einn starfsmaður skólans (eftir stöðu hópsins hverju sinni), sem vinnur með þeim að staðaldri, fylgi hópnum í félagsmiðstöðina og hennar starf.

Almennt hefur gengið vel að ná til **ÍSAT / MOT nemenda** (nemendur sem ekki tala íslensku sem sitt fyrsta tungumál / nemendur sem hafa fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn) í gegnum Velkomin valfagið og Velkomin sumarnámskeið. Einnig að einhverju leyti einnig í gegnum Velkomin Félkó og Velkomin Gerplu-íþróttastarf á veturna. Stefnan er að nýta það að mikill meirihluta ÍSAT-nemenda, sem er nýkominn eða nýlega til landsins, sé í Velkomin vali og vinna enn markvissara að því að hópurnir mæti meira inn í kvöldstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Sú brúarsmíði getur m.a. byggst á því að þeir nemendur sem eru í valáfanganum komi á saman á opnanir og viðburði og finni þannig styrk í hvert öðru meðan fyrstu skrefin eru tekin. Þá væri einnig mikill sigur að virkja hópinn inn í Félkó-starfsemi, viðburði á Kópavogsvísu, og einnig á landsvísu í gegnum Samfés.

Dagopnanir, í þeim skilningi að koma og „hanga“ eftir skóla, eru ekki nema að hluta til inn í hefðinni í Kjarnanum. Það er m.a. vegna þess að margskonar annað starf (með unglingunum) er í gangi á skólatíma og er einnig háð því starfshlutfalli sem ætlað er starfseminni sem er á skólatíma. Nokkur hluti tími félagsmiðstöðvarinnar á skólatíma fer í **hádegisopnanir**, almennt og sértækt hópastarf og ýmiskonar samstarfsverkefni (t.a.m. sérdeild/námsveri, ÍSAT-nemendum, sértöku hópastarfi o.fl.). Til að styrkja starfsemi Kjarnans einnig í átt að dagopnanna-menningu verður þeirri hlið gefin sérstaklega gaum í vetur. Eftir hádegi á fimmtudögum verður sérstök dagopnun, strax eftir að skólastarfi unglingastígs lýkur).

Markaðs- og kynningarmál hafa setið að hluta til á hakanum undanfarið og nú er blásið til sóknar. Á nýlegra uppfærðri heimasíðu Kópavogsskóla er félagsmiðstöðin Kjarninn orðinn mun meira áberandi en áður hefur verið og þar eru sóknarfæri til að gera enn betur. Þar geta foreldrar fundið almennar upplýsingar um starfsemina og starfsfólkið sem og upplýsingar hvernig hægt er að setja sig í samband. Hægt væri að setja inn lifandi og breytilegar upplýsingar inn, þegar búið er að hanna tréð undir félagsmiðstöðinni.

Nú hefur meira kynningarefni (um félagsmiðstöðina og starfsfólkið) verið unnið til að senda út stafrænt eða rafrænt og hafa inni á miðlum, sem og að prenta út og hengja upp. Verið er að feta sig áfram í þá átt að nýta enn betur það myndræna efni sem nú er til, til kynningar á félagsmiðstöðinni. Hægt er að vinna meira efni í Canva, sem eykur möguleika á betri gæðum auglýsinga. Umræða er í gangi meðal unglinga og starfsfólks um hvaða leiðir er bestar til að kynna og markaðssetja.

Lýðræði á miðstigi er formlega í dag lítið sem ekkert. Óformlega er það til í einhverri mynd, í formi spjalls og umræðu. Hvort sem það er í félagsmiðstöðinni á skólatíma, í umsjónarbekkjum með kennurum eða í gegnum spjall á starfsmannastofunni. Hér eru klár sóknarfæri að setja upp formlegra lýðræði til að venja miðstigið við því öfluga lýðræðisstarfi sem fram fer á unglingastiginu.

11. Starfsfólk og starfsheiti (Kjarninn & Velkomin)

Halldór Hlöðversson - 100% forstöðumaður
Vigdís Birna Grétarsdóttir – 80% aðstoðarforstöðumaður
Atli Dagur Ásmundsson – 39,5% frístundaleiðbeinandi
Birna Mjöll Björgvinsdóttir – 20,0% frístundaleiðbeinandi
Bryndís Gunnlaugsdóttir – 20,0% frístundaleiðbeinandi

Atli Týr J. Helgason – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.
Hanna Hermannsdóttir – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.
Jökull Óttarsson – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.
Kenny Phuong – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.
Sölvi Freyr Valdimarsson – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi.

12. Símenntun

Mánaðarlega að jafnaði eru haldnar starfsmannafræðslur sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva mæta á. Þessar fræðslur hafa verið ákveðnar í samtali við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS sem og SAMFÉS-CON og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Reglulega er farið á NáumÁttum fundi/fræðslur.

Símenntunaráætlun Frístundadeildar 2025-2026

Símenntun starfsfólks Kjarnans felur í sér:

- Þátttöku í **fræðsludögum Samfés** og fyrirlestrum tengdum frístundastarfi.
- Reglulegar **fræðslur frístundadeildar Kópavogs**, þar sem fjallað er meðal annars um lýðræði, réttindi barna, fjölmenningu og faglega samskiptatækni.
- Þátttöku í **UNICEF-fræðslu um réttindaskóla**, sem nýtist í samstarfi við Lindaskóla.
- Innanhússhittinga og handleiðslufundi þar sem starfsfólk rýnir í eigið starf og deilir reynslu.

Áhersla er lögð á að öll fræðsla hafi **bein tengsl við daglegt starf** og styrki fagleg vinnubrögð, öryggi og vellíðan starfsfólks og ungmenna.

13. Annað sem varðar starfsseminna

Þróunarverkefnið „Góðmenning“:

Í samstarfi við Smíði og hönnun hefur Kjarninn félagsmiðstöð spjallað við miðstigsbörn um mikilvægi góðrar menningar, samkennd og samhugar. Um leið og félagsmiðstöðvar starfið er kynnt er rætt um félagslegar reglur sem gott er að vera meðvituð/-aður um og hvernig við leggjum sérstaka áherslu á jákvæða og uppbyggjandi menningu innan veggja skólans og félagsmiðstöðvarinnar, með áherslu á að þá hagnist allir í öllum skilningi – með meira öryggi, betri líðan, betri heilsu og betri almennum árangri.

Þróunarverkefni – VR (sýndarveruleikagleraugu):

Hópur unglinga úr Kjarnanum hefur um nokkurra ára skeið haft veg og vanda að því að bjóða öllum stofnunum Frístundadeildar Kópavogsbæjar upp á aðgengi að öflugum VR búnaði – sem hreina viðbót inn í starfsemisflóru félags- og ungmennahúsastarfs. Hópurinn standsetti VR-búnað (10 samtengdar græjur) sem er enn verið að viðhalda, þróa og bæta við. Auk þess að vera hluti af félagsmiðstöðvarstarfi hefur búnaðurinn reynst vel í sértæku hópastarfi eins og Hrafninum,

Höfuðborginni og Velkomin námskeiði. Enn er þetta verkefni í þróun og verið er að bæta við leikjum og hvetja til enn frekari notkunar innan félagsmiðstöðva og ungmennahúss Frístundadeildar. Nýverið var útbúið upplýsandi veggspjald, til að sýna hvaða leikir eru í boði og hvaða leiðir eru til spilunar, til að auglýsa VR-möguleikana og hvetja til þess að félagsmiðstöðvar og ungmennahús nýti búnaðinn enn frekar í sínu starfi. Haft er samband við Kjarnann sem sér um utanumhald búnaðarins. Hægt er að fá sérfræðinga með búnaðinum til að hann nýtist sem best. Þessi arfleið hópsins (í formi verkefnis sem byrjaði meðan þeir voru á unglingastigi) er ómetanleg inn í allt starf Frístundadeildarinnar og til fyrirmyndar fyrir aðra – þar sem að arfleið er skilin eftir, langt út fyrir sitt „heimasvæði“.

Þróunarverkefnið Velkomin:

Undanfarin 7-8 ár (frá vordögum 2018) hefur Kjarninn leitt starf Velkomin verkefnisins, aðlögunar- og móttökuprógramms. Undirbúningur Velkomin hófst árið 2017. Þrógrammið er þrískipt, þ.e. miðstig, unglingastig og ungmenni. Síðasta sumar var um að ræða þjónustu sem rúmlega hundrað börn, unglingar og ungmenni úr níu skólum bæjarfélagsins nýttu sér. Verkefnið hefur verið fyrirferðarmikið í starfseminni og gert heilmikið gagn í aðlögun og virkni og í því að skapa velkomin-menningu. Hjá Kjarnanum er áhugi fyrir að halda því starfi áfram og þróa í góðu samstarfi. Miklir vaxtamöguleikar eru í Velkomin verkefninu, m.a. að byggja á þeirri vinnu inn í veturinn og nú einmitt, í annað sinn, verður verkefnið á heilsárs-basis (með tilraunaverkefninu telja þetta þrjú ár). Þá er átt við sumarstarf, Flakkandi félagsmiðstöð og vetrarstarf Velkomin Félkó. Unnið er að þróun valáfangans Velkomin, með að ÍSAT-kennari er með valfagið ásamt stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar. Þá er stefnan að fara með í fyrsta sinn með haustkynningu inn í fyrsta inn í alla ÍSAT-deildir í grunnskólum. Líkt og gert er á vorin/í byrjun sumars fyrir sumaropnun Velkomin.

Þróunarverkefnin „Miðstöðin“ og „Brúarsmíði“:

Í samstarfi við skólann/Frístund er hugmyndin að halda áfram, inni þriðja veturinn, að þróa miðstigsstarf á þann veg að það gefa þessum aldurshópi hærra undir höfði sem undirbúningur fyrir unglingastigið. Það er mjög stórt félagslegt stökk að koma af miðstigi yfir á unglingastigið eins og það er í dag. Miðstigsstarf hefur að jafnaði verið 1-2 í mánuði í félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar.

Þá er hugmyndin að horfa sérstaklega til þess að brúa félagslegt bil milli skólastiga með enn öflugri aðlögun og undirbúningi. Þá gagnvart 4. bekk (í undirbúningi fyrir miðstigs-starf, á skólatíma í samstarfi við Frístund), 7. bekk (gagnvart því að byrja á unglingastigi og taka þátt í öllu því fjölbreytta og umfangsmikla starfi sem félagsmiðstöðin býður upp á) og 9. og 10. bekk (gagnvart því að byrja í framhaldsskóla og geta stundað ungmennahúsið, í líkingu við félagsmiðstöð á unglingastiginu).

Þróunarverkefnið „Smíði og hönnun – þjónustunám („service learning“):

Undanfarin 7-8 ár (frá 2018) hefur Kjarninn átt í samstarfi við Smíði og hönnun (hópur 10. bekkjanema í smíði) þar sem að unnið hefur verið að ýmsum verkefnum, stórum sem smáum, í anda þjónustunáms. Þannig læra nemendurnir að leggja sitt af mörkum og vera virkir þátttakendur í skóla og félagsmiðstöð.

Þróunarverkefnið „Námsver í Kjarnanum – félagsmiðstöð án aðgreiningar“:

Fyrir nokkrum árum vann Tómtunda- og félagsmálafræðingurinn Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir að lokaverkefni sínu / ritgerð í samstarfi við félagsmiðstöðina Kjarnann. Verkefnið bar heitið „Félagsmiðstöð án aðgreiningar“ og hafði það góð áhrif inn í starfið. Kjarninn hefur undanfarin ár, samstarfi við sérdeild Kópavogsskóla, tekið stór skref í að festa sértækt hópastarf gagnvart námsverinu í sessi í dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Í anda sértæks hópastarfs skipar samstarfið orðið góðan sess í starfsemi Kjarnans, þó enn séu ónýtt sóknarfæri og nýjar nálganir (sjá umbótaáætlun).

Þróunarverkefnið „Nýjir valáfangar og samstarf við kennara og námsgreinar“:

Í samstarfi við Kópavogsskóla hefur framboð valfaga verið árlegt. Þá hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum, hvort sem er á Kópavogs- eða landsvísu. Sem dæmi má nefna Velkomin valfagið, þar sem starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar er með nær öllum ÍSAT/MOT-nemendum á unglingastigi. Nú, í

fyrsta sinn, er ÍSAT-kennari með starfsmanni félagsmiðstöðvarinnar með Velkomin valfagið. Þá hefur Kjarninn, í samstarfi við skólann, þróað og prófað áfram valfög eins og Ungmennahúsaval (erum nú þátttakendur í Molavirkni, sem er ígildi slíks áfanga), Smiðju- og klúbbaval (valfag sem virkjaði m.a. annars nemendur inn í stóru verkefnin (t.d. Stíll) og bauð upp á fjölbreytta almenna klúbba). Í gegnum árin hefur félagsmiðstöðin einnig verið með valfögin Félagsmiðstöðvarval og Félagsmálafræði. Verið í samstarfi við kennara með útivistar- og hjólaferðaáfanga. Eitt árið var Kjarninn með 7 valfög í boði af þeim 30 sem voru í boði það árið.